



Fundargerð 5. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 13. maí 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Jón Þór Jónsson (JPJ), Baldvin Hansson (BH), Halldór Viðar Hauksson (HVV), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Linda Karlsdóttir (LK), Páll Jónsson (PJ), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Mættir varamenn: Ari Halldór Hjaltason (AHH), Andri Már Sveinsson (AMS)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Ásta Sigurðardóttir (ÁS)

BH/HKS ritaði fundargerð

1. Veðmálastarfsemi

Stjórn hafa borist athugasemdir varðandi tal um veðmálastarfsemi tengda keppnum innan sambandsins. Slík starfsemi er ólögleg hér á landi. Formanni er falið að senda á aðildarfélögin erindi um málið.

Andri og Páll komu á fundinn

2. Hótun starfsmanna

Eftir Sindra torfærana barst einum staðreyndadómara símtal þar sem honum var hótað líkamsmeiðingum.

Stjórn bókar eftirfarandi:

Stjórn AKÍS þykir dapurlegt að heyra af hótunum sem staðreyndadómari í Sindratorfærunni 2025 varð fyrir. Úrræði til viðbragða við slíkum hótunum sem sjálfboðaliðar verða fyrir eru aðeins á færi lögregluþyrvalda en sambandið tekur þessu mjög alvarlega. Okkur ber skylda til að standa vörð um fólkið okkar og einkalíf þeirra. Við stöndum saman í baráttunni gegn hatursorðræðu hvers konar. Er það von stjórnar að viðkomandi verði látnir sæta ábyrgð vegna hótana þessara til að tryggja megi að slíkt endurtaki sig ekki.

3. Öryggisbúr - Skoðanir þeirra

Stjórn fjallar um verkferla varðandi skoðun öryggisbúra. Fram að næsta stjórnarfundum verða ferlar skoðaðir.

Aðalbjörg kom á fundinn



4. Formenn dómnefnda

Starfsmaður upplýsir stjórn hvernig gengur að manna stöður formanns dómnefndar.

Ekki er búið að manna allar keppnir sumarsins. Stjórn leitar leiða til að auðvelda mönnun.

Baldvin, Andri og Páll víkja af fundi

5. Erindi varðandi Sindra Torfærana

Stjórn barst erindi frá keppendum varðandi Sindra torfærana. Stjórn fjallaði um erindið og felur formanni AKÍS að svara því.

6. Önnur mál

Sumarfjarnám 1. og 2. stigs almenns hluta þjálfaramenntunar ÍSÍ hefst mánudaginn 9. júní næstkomandi. ÍSÍ leggur mikla áherslu á að sérsamböndin séu með menntaða þjálfara sem sinna barna og unglingastarfi. Starfsmanni verður falið að senda til aðildarfélaga.

Innsend erindi

Til kynningar:

-
-

Næsti fundur verður 20 maí kl 19:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:40